



FJÖLMÍÐLANEFND

15. ágúst 2016
Ákvörðun nr. 7/2016

Efni: Brot Ríkisútvarpsins á 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með birtingu auglýsingar á Egils Gulli.

I. Kvörtun

Fjölmiðlanefnd barst þann 31. maí 2016 kvörtun frá Foreldrasamtökum gegn áfengisauðglýsingum vegna ítrekaðra brota Ríkisútvarpsins gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla.) Í kvörtun var vísað til auglýsingar á Egils Gulli frá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni (hér eftir Ölgerðin) sem kvartandi kvað hafa birst á RÚV þann 24. maí 2016 kl. u.þ.b. 21:15.

Í kvörtuninni var jafnframt vísað til ákvörðunar fjölmiðlanefndar nr. 2/2016 frá 11. mars sl. þar sem nefndin komst að þeirri niðurstöðu að með birtingu auglýsingar á Egils Gulli á RÚV hafi Ríkisútvarpið brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 um bann við viðskiptaboðum fyrir áfengi. Í bréfi foreldrasamtakanna sagði að með áframhaldandi birtingu á sams konar auglýsingu virti RÚV hvorki stjórnvaldsákvarðanir, sbr. 37. gr. laga um fjölmiðla, né lögvarin réttindi barna og ungmenna til þess að vera laus við áfengisáróður, sbr. 20. gr. áfengislaga. Foreldrasamtök gegn áfengisauðglýsingum harmi það að RÚV skuli taka sér stöðu handan laga og siðferðis hvað þessi mál varðar og skynji hvorki mikilvægi sitt né ábyrgð í þessum efnun.



FJÖLMÍÐLANEFND

II. Málsmeðferð, efnislegt innihald og sjónarmið málsaðila

1.

Með erindi fjölmiðlanefndar 3. júní sl. var óskað eftir upplýsingum og sjónarmiðum Ríkisútvarpsins vegna framangreindrar kvörtunar

Að beiðni fjölmiðlanefndar lagði Ríkisútvarpið þann 10. júní fram afrit af auglýsingu þeirri sem kvörtunin vísaði til. Af því afriti sem fram var lagt mátti ráða að sú auglýsing sem vísað var til í ákvörðun nefndarinnar nr. 2/2016 væri ekki hin sama og sú auglýsing sem sýnd var á RÚV þann 24. maí sl. Var því með tölvupósti 20. júní sl. óskað eftir staðfestingu Ríkisútvarpsins þess efnis að fjölmiðlanefnd hafi borist rétt afrit í hendur. Í fyrirspurn fjölmiðlanefndar var meðal annars vísað til þess að samskonar auglýsing og vísað var til í kvörtun Foreldrasamtaka gegn áfengisauglýsingum, sbr. ákvörðun 2/2016, virtist samkvæmt upplýsingum nefndarinnar meðal annars hafa verið sýnd eftir umræðuþátt forsetaframbjóðenda, Baráttan um Bessastaði, þann 3. júní sl.

Í svörum Ríkisútvarpsins sem bárust nefndinni 23. júní sl. kom fram að mistök hafi átt sér stað hjá Ríkisútvarpinu og hafi röng auglýsing því verið send nefndinni í kjölfar fyrirspurnar hennar. Þá sagði í svörum Ríkisútvarpsins að svo virtist sem gömul kostunarstikla, haldin sambærilegum annmörkum og auglýsing sú sem fundið hafði verið að í ákvörðun nr. 2/2016, hafi farið óvart í birtingu, sem skrifist á mannleg mistök. Beðist sé afsökunar á ofangreindu og þess óskað að unnt sé að ljúka málinu á slíkum grunni, þ.e. að RÚV gangist við þessum mistökum, án þess að til stjórnvaldssektar komi. Með bréfinu fylgdi svar birtingastjóra Ríkisútvarpsins, [...],¹ þar sem meðal annars kom fram að kostunarstikla frá Ölgerðinni, sem merkt sé heitinu „Golfari“ og hafi borist Ríkisútvarpinu 12. júní 2014, hafi verið sett í birtingu að beiðni fulltrúa Golfsambands Íslands, vegna samstarfs Ríkisútvarpsins og Golfsambandsins í sumar. Ölgerðin sé einn af átta samstarfsaðilum Golfsambandsins. Birtingastjóri kveðst hafa „sett þetta skilti á umrædda kostun“ og ekki gáð að því að þar væru svipuð skilaboð og í þeim auglýsingum fyrir Egils Gull sem eytt hafi verið að beiðni auglýsingastjóra Ríkisútvarpsins vegna ákvörðunar fjölmiðlanefndar fyrir á árinu. Þá segir í svörum birtingastjóra að kostun þessi sé alfarið á vegum Golfsambandsins og ekki séu bein fjárhagsleg tengsl eða samskipti við Ölgerðina, af hálfu Ríkisútvarpsins, vegna þessarar kostunar. Eftir ábendingu frá Ölgerðinni hafi verið skipt um kostunarskilti og því eldra eytt samstundis. Auglýsingar og kostunarskilti séu skráð hvort á sitt kerfið og því hafi birtingastjóra yfirsést að eyða kostunarskilti fyrir Egils Gull um leið og öðrum ónothæfum auglýsingum á Egils Gulli hafi verið eytt. Þá var það staðfest

¹ Nafn hefur verið fjarlægð að beiðni RÚV.



FJÖLMÍÐLANEFND

í svari birtingastjóra að umrædd kostunarstikla hafi jafnframt verið sýnd eftir umræðuþátt forsetaframbjóðenda, Baráttan um Bessastaði, þann 3. júní sl. kl. 22:40.

2.

Efnislegt innihald

Samkvæmt athugun fjölmiðlanefndar er kostunarstikla sú sem sýnd var 24. maí og 3. júní sl. sambærileg auglýsingu þeirri sem var andlag ákvörðunar fjölmiðlanefndar nr. 2/2016 frá 11. mars sl. og talin var brot á 4. mgr. 37. gr. Eini munurinn er sá að í upphafi kostunartilkygningarinnar bregður fyrir stuttu myndskeiði af golfara á golfvelli. Þá hefur myndskeið af tveimur karlmönnum verið fjarlæggt, sbr. eftirfarandi lýsingu á myndefninu í lið 1 og 2.

1. Kostunarstikla Gólfbandsins / kynning Ölgerðarinnar á Egils Gulli sem sýnd var 24. maí og 3. júní 2016, samkvæmt upplýsingum Ríkiútvarpsins:

Í fyrsta mynddramma auglýsingarinnar sést golfvöllur og baksvipur manns sem slær golfkúlu eftir vellinum. Því næst er drykk hellt úr glerflösku í glas með áletruninni „Gull“. Á hálsi flöskunnar er borði í rauðum, hvítum, gylltum og svörtum lit. Í síðasta mynddramma auglýsingarinnar bregður drykknum fyrir í sama glasi og áður, ásamt texta og myndum til hliðar. Efst er vörumerkið „Gull-bruggaður með íslensku byggi“, þá myndir af verðlaunapeningum, því næst textinn „OKKAR BJÓR. „World’s Best Standard Lager“.“ og loks „2,25% ALC. VOL.“ neðst á skjánum. Þá les þulur eftirfarandi texta inn á auglýsinguna, meðan á sýningu hennar stendur: „*Polinmæðin sem bruggmeistarar okkar leggja í Gull skilar sér til þín. Gull, okkar bjór.*“

2. Auglýsing Ölgerðarinnar á Egils Gulli sem sýnd var 14. október 2015 og talin var brjóta gegn ákvæði 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla, sbr. ákvörðun fjölmiðlanefndar nr. 2/2016:

Í fyrsta mynddramma auglýsingarinnar er drykk hellt úr glerflösku í glas með áletruninni „Gull“. Á hálsi flöskunnar er borði í rauðum, hvítum, gylltum og svörtum lit. Því næst birtast tveir menn á skjánum og af látbragði þeirra má ráða að þar eigi sér stað ánægjulegur vinafundur, sem tengist neyslu drykkjarins. Í síðasta mynddramma auglýsingarinnar bregður drykknum fyrir í sama glasi og áður, ásamt texta og myndum til hliðar. Efst er vörumerkið „Gull-bruggaður með íslensku byggi“, þá myndir af verðlaunapeningum, því næst textinn „OKKAR BJÓR. „World’s Best Standard Lager“.“ og loks „2,25% ALC. VOL.“ neðst á skjánum. Þá les þulur eftirfarandi texta inn á auglýsinguna, meðan á sýningu hennar stendur: „*Polinmæðin sem bruggmeistarar okkar leggja í Gull skilar sér til þín. Gull, okkar bjór.*“



FJÖLMÍÐLANEFND

3.

Í bréfi fjölmiðlanefndar, sem sent var Ríkisútvarpinu 4. júlí sl., kom meðal annars fram það frummat nefndarinnar að með sýningu á kostunartilkyningu Golfsambandsins 24. maí og 3. júní sl. hafi Ríkisútvarpið brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla.

Í bréfinu fór fjölmiðlanefnd jafnframt yfir helstu málsatvik og þau lagasjónarmið sem máli þóttu skipta við mat á því hvort Ríkisútvarpið hafi brotið gegn ákvæði 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Fram kom að fjölmiðlanefnd vildi veita Ríkisútvarpinu færi á því að koma á framfæri frekari sjónarmiðum í málinu. Bent var á að niðurstaða erindisins fæli í sér frummat fjölmiðlanefndar en ekki endanlega afstöðu hennar til þess hvort Ríkisútvarpið hafi brotið gegn framangreindum lagaákvæðum. Þær ályktanir sem settar væru fram kynnu að breytast gæfu athugasemdir og skýringar Ríkisútvarpsins tilefni til þess.

Í bréfinu óskaði fjölmiðlanefnd eftir upplýsingum um það til hvaða ráðstafana Ríkisútvarpið hefur gripið til að hindra að brot, sambærileg því sem fjallað var um í ákvörðun fjölmiðlanefndar nr. 2/2016, verði endurtekin af hálfu félagsins.

Einnig óskaði fjölmiðlanefnd eftir upplýsingum um tekjur Ríkisútvarpsins vegna þeirrar kostunar á dagskrárefni sem vísað var til í frummati nefndarinnar og benti á að samkvæmt 4. mgr. 54. gr. laganna skal við ákvörðun sektar m.a. taka mið af tekjum fjölmiðlaveitu af broti.

Þess var óskað að athugasemdir og sjónarmið Ríkisútvarpsins bærust nefndinni eigi síðar en 18. júlí sl.

Ríkisútvarpið óskaði eftir fresti til 22. júlí og var umbeðinn frestur veittur.

4.

Svar Ríkisútvarpsins barst með bréfi dags. 22. júlí. Þar kom fram að Ríkisútvarpið gerði ekki efnislega athugasemd við mat fjölmiðlanefndar á sambærileika umræddra viðskiptaboða. Ríkisútvarpið hafi á hinn bóginn útskýrt og lagt fram gögn því til stuðnings að um mannleg mistök hafi verið að ræða. Var þess óskað að unnt væri að ljúka málinu á þeim grunni að Ríkisútvarpið gangist við þeim mistökum án þess að til stjórnvaldssektar þyrfti að koma, sbr. einnig almennar meðalhófsreglur.

Aukinheldur sagði í bréfi Ríkisútvarpsins að þeir starfsmenn RÚV sem hafi með umrædd mál að gera, þ.m.t. birtingastjóri RÚV, séu meðvitaðir um fyrirbyggjandi ákvörðun fjölmiðlanefndar



FJÖLMÍÐLANEFND

nr. 2/2016 og leitist við að tryggja að ekki birtist viðskiptaboð sem fari í bága við efni hennar. Hafi sú líka verið raunin að mati RÚV, með þeirri undantekningu sem hér um ræði, sem skrifist á mannleg mistök. RÚV fylgist með ákvörðunum og leiðbeiningum fjölmiðlanefndar, þ.m.t. þeim er varði 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla og leitist við að haga starfsemi sinni þessu til samræmis. Hafi sú og verið raunin í öllum meginatriðum að RÚV telji. Þá hafi RÚV áður upplýst fjölmiðlanefnd um að umræddu kostunarskilti og umræddum auglýsingum frá Egils Gulli hafi verið eytt úr auglýsingakerfi RÚV.

Loks upplýsti RÚV um tekjur félagsins vegna kostunar Gólfbandsins.

III. Niðurstaða

1.

Hugtakið viðskiptaboð er skýrt í 40. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Þar segir að viðskiptaboð séu texti, myndir og/eða hljóð sem sé ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundi atvinnustarfsemi og sé miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaboða teljist m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning.

Í 1. málsl. 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla segir að viðskiptaboð og fjarkaup fyrir áfengi og tóbak séu óheimil. Þá eru gerðar þær kröfur í 3. málsl. 4. mgr. 37. gr. laganna að fullyrðingar sem fram komi í viðskiptaboðum og fjarkaupainnskotum fyrir óáfengar drykkjarvörur þurfi að vera hægt að færa sönnur á. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla segir að markmið reglu 4. mgr. 37. gr. sé meðal annars að vernda neytendur og takmarka neyslu á tóbaksvörum og áfengi. Þannig sé tilgangur ákvæðisins öðru fremur að stuðla að bættu heilsufari almennings. Þá kemur einnig fram í greinargerðinni að ákvæði 3. málsl. 4. mgr. 37. gr. sé sett fram til að taka af öll tvímæli um að þær óáfengu drykkjarvörur sem verið er að auglýsa séu sannanlega á markaði fyrir neytendur. Sé átt við drykki sem hafi minna en 2,25% áfengisinnihald, eins og segir í greinargerðinni.

2.

Ákvæði 4. mgr. 37. gr. felur í sér almennt bann við miðlun áfengisauklýsinga í fjölmiðlum, fyrir drykki með yfir 2,25% áfengisinnihaldi. Einu gildir hvort áfengisframleiðendur greiða fyrir miðlun slíkra auglýsinga, íþróttafélög eða aðrir aðilar. Ákvörðun fjölmiðlanefndar nr. 2/2016



FJÖLMÍÐLANEFND

byggði meðal annars á því að í auglýsingu Ölgerðarinnar á Egils Gulli, sbr. lið 1 hér að framan, væri annars vegar vísað til vöruumbúða sem eingöngu væru notaðar undir áfenga drykki með 5% áfengisinnihaldi. Hins vegar væri vísað til verðlauna sem eingöngu Egils Gull með 5% áfengisinnihaldi hefði hlotið.

Með vísan til framangreinds og ákvörðunar fjölmiðlanefndar nr. 2/2016 er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að kostunarstikla sú sem sýnd var á RÚV 24. maí og 3. júní sl. sé í megindráttum hin sama og sú auglýsing á Egils Gulli sem var andlag ákvörðunar fjölmiðlanefndar nr. 2/2016 og talin var brjóta gegn ákvæði 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Eigi það við um myndmál að stærstum hluta, auk þess sem lesinn texti og skjátexti sé hinn sami í báðum tilvikum. Hefur þeirri niðurstöðu ekki verið mótmælt af hálfu Ríkisútvarpsins.

Þá telur fjölmiðlanefnd, sbr. einnig ákvörðun nr. 2/2016, að í framangreindri kostunarstiklu sé vísað til vörutegundar sem hefur 5% áfengisinnihald en ekki 2,25%. Annars vegar sé vísað til verðlauna World Beer Awards árið 2011 þar sem Egils Gull með 5% áfengisinnihaldi hafi hlotið verðlaun. Hins vegar sé í auglýsingunni vísað til áfengrar vörutegundar með því að birta myndir af umbúðum vöru sem hefur 5% áfengisinnihald, þ.e. glerflösku. Ekki hafi verið færðar sönnur á fullyrðingar í kostunarstiklunni um 2,25% áfengisinnihald drykkjarins. Í ákvörðun fjölmiðlanefndar nr. 2/2016 kom fram að Ölgerðin hafi staðfest í desember 2015 að Egils Gull léttöl með 2,25% áfengisinnihaldi sé ekki og hafi aldrei verið fáanlegt í þeim drykkjarumbúðum sem auglýsingin vísar til.

Því er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að kynning á Egils Gulli frá Ölgerðinni í kostunarstiklu Gólf sambandsins, sem sýnd var í Ríkissjónvarpinu 24. maí og 3. júní sl., teljist til viðskiptaboða fyrir áfengi með yfir 2,25% áfengisinnihaldi. Hafi Ríkisútvarpið þar með brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 og sé um ítrekað brot að ræða.

4.

Á grundvelli alls framangreinds telur fjölmiðlanefnd að kostunartilkynning frá Gólf sambandinu, sem sýnd var í Ríkissjónvarpinu 24. maí og 3. júní 2016, þar sem auglýstur var bjór með vörumerkinu Egils Gull, teljist til viðskiptaboða fyrir áfengi með yfir 2,25% áfengisinnihaldi. Að mati nefndarinnar er efnislegt innihald kostunartilkynningarinnar í meginatriðum hið sama og innihald þeirrar auglýsingar sem var andlag ákvörðunar fjölmiðlanefndar nr. 2/2016 frá 11. mars 2016. Þar með er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að sýning kostunartilkynningarinnar hafi falið í sér ítrekað brot Ríkisútvarpsins gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla.

Með vísan til þeirrar efnislegu niðurstöðu hefur fjölmiðlanefnd ákveðið að leggja stjórnvaldssekt á Ríkisútvarpið í samræmi við 1. og 4. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla. Telur



FJÖLMÍÐLANEFND

fjölmiðlanefnd hæfilegt að sektin nemi 500.000 kr. Við ákvörðun sektarfjárhæðar var tekið mið af því að um ítrekað brot var að ræða, eðli brots og ávinnings af því.

IV. Ákvörðunarorð

„Ríkisútvarpið braut gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með sýningu kostunartilkynningar frá Gólf sambandinu 24. maí og 3. júní 2016, þar sem auglýstur var áfengur bjór með vörumerkinu Egils Gull.

Ríkisútvarpið greiði 500.000 kr. í stjórnvaldssekt.“

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,

Ingvi Hrafn Óskarsson

Hulda Árnadóttir

Arna Schram

Salvör Nordal

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson